

21. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum bæjarstjórnar, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu stjórnarráðsins. 54 11. marz

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 57 24. maí 1947, er hér með staðfest til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1950.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUR

55

11. marz

um breyting á reglum nr. 13 22. janúar 1947, um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum.

1. gr.

8. gr. reglnanna orðist svo:

Leyfishafa er skylt að slysatryggja farþega í innanlandsflugi. Skulu slysabætur vera hinar sömu og ákveðnar eru í 51.—58. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar. Skal þess getið á farseðlum, að farþegar séu þannig tryggðir.

Í millilandaflugi er leyfishafa skylt að tryggja sig í samræmi við ábyrgð þá, er lögð er á hann með Varsjársamningnum, sbr. lög nr. 41 25. maí 1949.

Um ábyrgðarskyldu gagnvart þriðja manni fer eftir ákvæðum 31.—34. gr. laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Tryggingar þær, sem að framan getur, skal kaupa hjá vátryggjanda, sem hefur varnarþing hér á landi í þeim málum, sem rísa kunna út af tryggingum þessum.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, sbr. lög nr. 41 25. maí 1949.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1950.

Jóhann P. Jósefsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Líknar- og menningarsjóð Ljós- 56 mæðrafélags Reykjavíkur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 11. marz 1950. 11. marz

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknar- og menningarsjóð Ljósmaðrafélags Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknar- og menningarsjóður Ljósmaðrafélags Reykjavíkur, og er stofnaður af meðlimum félagsins, sem undir skjal þetta rita.

56

11. marz

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur. Skal ávaxta sjóðinn á þann hátt, sem stjórnin telur full-tryggilegan.

3. gr.

Markmið sjóðsins er fyrst og fremst, að styðja efnilegar ljósmæður til aukinnar menntunar í samri grein, að styrkja bágstaddar ljósmæður, sem sakir elli eða vanheilsu, eða af öðrum ástæðum rata í erfiðleika, eða börn þeirra. Þá má einnig veita fé til annarra framkvæmda, er séu í þágu ljósmæðrastéttarinnar.

4. gr.

Framkvæmd á ofangreindu má hefjast, þegar sjóðurinn er orðinn 25000 kr.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né nota meir en $\frac{4}{5}$ hluta af vöxtum hans. Hinn hluta vaxtanna, svo og aðrar tekjur skulu lagðar við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipar Ljósmæðrafélag Reykjavíkur.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, samþykktir og skýrslur um framkvæmd, fjáröflun og hvert eina sjóðnum viðkomandi.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal stjórnin hafa samið reikning hans fyrir síðastliðið ár og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, er stjórnin velur. Reikninginn skal birta í Lögbirtingablaðinu.

9. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku gjöfum og áheitum. Minningarspjöld eru gefin út til ágóða fyrir sjóðinn.

10. gr.

Umsóknir um framlag úr sjóðnum skulu sendar til formanns félagsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 15. janúar 1950.

Rakel P. Þorleifsson.

Guðrún Halldórsdóttir.

Helga M. Nielsdóttir.

Ólöf Kristjánsdóttir.

Pálína Guðlaugsdóttir.

Vilborg Jónsdóttir.

Sigríður Jónsdóttir.

Guðrún Valdimarsdóttir.

Jóhanna Pálsdóttir.

Sigríður Jónsdóttir.